



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 41 119. ár

11. mars 2026

Útgáfud.: 10. mars 2026

Innköllun þrotabús - KB22 ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

KB22 ehf.,
kt. 700922-0220,
Vallakór 2C, 203 Kópavogur

Frestdagur:

6. október 2025

Skiptafundur:

miðvikudagur
29. apríl 2026
kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið thorunne@lex.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartún 26, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 29. janúar 2026
f.h. Garðars Viðis Gunnarssonar skiptastjóra,
Þórunn Eylands H.
20260217170B

Útgáfud.: 10. mars 2026

Innköllun þrotabús - Navia ehf

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Navia ehf,
kt. 431006-1970,
Þverholti 7, 270 Mosfellsbær

Frestdagur:

30. október 2025

Skiptafundur:

mánudagur
18. maí 2026
kl. 09:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 25, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. febrúar 2026
Eva B. Helgadóttir lögmaður.
20260302016B

Útgáfud.: 10. mars 2026

Lögreglumenn - Lögreglustjórinn á Austurlandi

Lögreglustjórinn á Austurlandi auglýsir lausar til umsóknar 10 stöður lögreglumanna. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðurnar til reynslu í sex mánuði frá og með 1. júní 2026, eða samkvæmt nánara samkomulagi, með skipun í huga að reynslutímabili loknu.

Hjá embættinu starfa tæplega fjörutíu manns í víðfeðmu umdæmi sem nær frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri. Tólf þéttbýliskjarnar eru í umdæminu, gott gróskumikið mannlíf, öflug fyrirtæki og stórfengleg náttúra. Alþjóðaflugvöllur er á Egilsstöðum og vikulegar ferjusiglingar Norrænu til Seyðisfjarðar. Sjö landamærahafnir eru í umdæminu. Embætti Lögreglustjórans á Austurlandi er nútímaleg og framsækin stofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Gildi embættisins eru traust, virðing og framsækni.

Helstu verkefni og ábyrgð

Hlutverk lögreglu er að gæta almannaoýruggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Vakin er athygli á að lögreglustjóra er heimilt að ráða starfsmenn sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar að því gefnu að ekki fáiast faglærðir lögreglumenn í stöðurnar. Þeir sem ekki hafa áður starfað í lögreglu verða að vera reiðubúnir að sitja nýliðanámskeið og standast þrekpróf og læknisskoðun. Auk framangreinds eru gerðar eftirfarandi hæfniskröfur til umsækjenda:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hóp
- Sjálfstæði í starfi, sveigjanleiki og gott álagspól
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði og drifkraftur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið, auk afrita af prófskírteinum ásamt nöfnum tveggja umsagnaraðila. Umsækjendur eru beðnir um að vanda umsóknir sínar.

Til að staðreyna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði e-liðar 2. mgr. 28. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 er lögreglustjóra heimilt skv. 28. gr. a. sömu laga að afla upplýsinga um umsækjendur úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Embættið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Starfshlutfall er 100% og er vaktavinna með bakvaktarskyldu.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2026.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn, kog01@logreglan.is, 444-0600.

Eskifirði, 10. mars 2026
Kristmundur Stefán Einarsson.
20260310005A

Útgáfud.: 10. mars 2026

Aðstoðaryfirlögregluþjónn - Lögreglustjórinn á Austurlandi

Við embætti Lögreglustjórans á Austurlandi er laust til umsóknar embætti aðstoðaryfirlögregluþjóns með starfsstöð á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðuna til reynslu í sex mánuði frá og með 1. maí 2026 með skipun í huga að reynslutímabili loknu.

Hjá embættinu starfa tæplega fjórutíu manns í víðfeðmu umdæmi sem nær frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri. Tólf þéttbýliskjarnar eru í umdæminu, gott gróskumikið mannlíf, öflug fyrirtæki og stórfengleg náttúra. Alþjóðaflugvöllur er á Egilsstöðum og vikulegar ferjusiglingar Norrænu til Seyðisfjarðar. Sjö landamærahafnir eru í umdæminu. Embætti Lögreglustjórans á Austurlandi er nútímaleg og framsækin stofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Gildi embættisins eru traust, virðing og framsækni.

Helstu verkefni og ábyrgð

Kveðið er á um verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirlögregluþjóns í 6. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar auk þess sem starfinu fylgja fleiri verkefni samkvæmt skipulagi embættisins.

- Aðstoðaryfirlögregluþjónn er yfirlögregluþjóni til aðstoðar og er staðgengill hans.
- Dagleg yfirstjórn og ábyrgð á starfsstöð embættisins á Egilsstöðum og annarra eininga sem undir starfsstöðina falla.
- Almenn stefnumótun og umsjón með áætlanagerð, skipulagningu og markmiðasetningar almennrar deildar í samvinnu við yfirlögregluþjón.
- Umsjón og ábyrgð á almannavörnum, aðgerðastjórnun og viðbragðsáætlunum undir stjórn og í samvinnu við yfirlögregluþjón.
- Skipulagning og ábyrgð á landamæralöggæslu embættisins undir stjórn yfirlögregluþjóns.
- Ábyrgð á afgreiðslu löggæslumála og tryggir að reglum og verklagi um framkvæmd löggæslu sé fylgt.
- Ber ábyrgð á vakta- og orlofsskipulagi á sínu starfssvæði.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á mannauðsmálum þeirra eininga sem undir starfsstöðina falla.
- Ber ábyrgð á skipulagningu stærri löggæsluaðgerða, umsjón með tækja- og tæknibúnaði löggæslusviðs og ástandi lögreglubifreiða.
- Ber ábyrgð, ásamt yfirlögregluþjóni á að fjárhagslegur rekstur almennrar deildar löggæslu sé innan fjárheimilda. Tekur þátt í gerð ársskýrslna.

- Tekur við kvörtunum frá borgurum vegna starfa lögreglunnar og kemur þeim í viðeigandi feril.
- Önnur störf eða verkefni sem honum kunna að vera falin eða leiðir af venju.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Stjórnunarnám frá Lögregluskóla ríkisins, endurmenntun HÍ eða sambærilegt stjórnunarnám er kostur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar skal umsækjandi hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 5 ár frá því að hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum.

Mikilvæg hæfni:

- Þekking og reynsla af lögreglustörfum.
- Farsæl stjórnunarreynsla innan lögreglu, þ.m.t. stjórnun lögregluaðgerða og skipulagningu löggæslu á stærri viðburðum.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri er kostur.
- Þekking og reynsla á sviði almannavarna, aðgerðastjórnun og viðbragðsáætlunum.
- Þekking og reynsla af landamæraeftirliti.
- Þekking og reynsla á sviði þjálfunar- og búnaðarmála lögreglu.
- Þekking á nýsköpun og framþróun löggæslu.
- Góð þekking á landskerfum lögreglu sem og staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta, og færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Hæfni til að koma fram sem talsmaður embættisins.
- Önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.

Mikilvægir eiginleikar:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogaþærni og færni til að takast á við og leiða breytingar.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf.
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið, auk afrita af prófskírteinum ásamt nöfnum tveggja umsagnaraðila. Umsækjendur eru beðnir um að vanda umsóknir sínar.

Til að staðreyna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði e-liðar 2. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglustjóra heimilt skv. 28. gr. a. sömu laga að afla upplýsinga um umsækjendur úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Embættið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2026.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn, kog01@logreglan.is, 4440600.

Eskifirði, 10. mars 2026

Kristmundur Stefán Einarsson
20260310006A

Útgáfud.: 10. mars 2026

Skiptafundur - VH-veitingar ehf.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum verður haldinn í búi VH-veitinga ehf., kt. 541016-0150 þann 24. mars 2026, kl. 14.00, á skrifstofu skiptastjóra að Hringbraut 61, Reykjavík.

Reykjavík, 9. mars 2026

Ásta Kristjánsdóttir lögmaður
20260310002A

Útgáfud.: 10. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Skaftárhreppur

Deiliskipulag miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti 26. febrúar 2026 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri skv. 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillagan tekur til svæðis sem er að hluta byggt og er skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem miðsvæði (M-2), opið svæði (OP-1) og íbúðarsvæði (ÍB-3). Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis auk uppbyggingar á nýju íþróttasvæði.

Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, skipulagsgatt.is - mál nr. 1447/2024. Hægt er að skila skriflegum athugasemdum gegnum skipulagsgáttina til 23. apríl 2026.

9. mars 2026

f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps
Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi
20260310001A

Útgáfud.: 10. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Kjósarhreppur

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í landi Möðruvalla

Í gildandi deiliskipulagi eru þegar skilgreindar tvær borholur fyrir heitt vatn innan reits I2, annars vegar borhola MV-19 innan byggingarreits A2 og hins vegar borhola MV-24 innan byggingarreits A3. Við borholu MV-19 hefur verið reist borholuhús með nauðsynlegri tækniástöðu. Með þessari deiliskipulagsbreytingu bætist við nýr byggingarreitur, A4, við borholu MV-25, þar sem gert er ráð fyrir borholuhúsi og nauðsynlegrar tengdrar aðstöðu. Jafnframt er farið fram á stækkun byggingarreits A2 til að koma fyrir nýju húsnæði fyrir vélbúnað tengdan móttöku á heitu vatni frá borholum veitunnar. Í húsinu verður jafnframt geymsluaðstaða fyrir veitu sveitarfélagsins. Tílefni stækkunar er aukið umfang starfseminnar og aukið álag á núverandi móttökuaðstöðu, sem uppfyllir ekki lengur þarfir rekstursins.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 9. mars 2026 til 20. apríl 2026 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, [www.kjos.is](#) sem og í skipulagsgátt undir málsnúmeri 268/2026.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 20. apríl 2024.

Skila skal athugasemdum í skipulagsgátt undir viðkomandi málsnúmeri.

Kjósarhreppur, 9. mars 2026
Skipulagsfulltrúi
20260310003A

Útgáfud.: 10. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Kjósarhreppur

Endurskoðun Aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér endurskoðun á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 og er sett fram á uppdrætti, í greinargerðum. Um er að ræða heildarendurskoðun aðalskipulags. Tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulagsins er að laga skipulagið að breyttum forsendum, lögum, reglugerðum, áætlunum og stefnumörkun stjórnvalda svo hægt verði að takast á við þær áskoranir sem fyrir liggja. Við endurskoðunina verður mótuð stefna um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í sveitarfélaginu öllu.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 10. mars 2026 til 21. apríl 2026 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, [www.kjos.is](#) sem og í skipulagsgátt undir málsnúmeri 917/2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 21. apríl 2026.

Skila skal athugasemdum í skipulagsgátt undir viðkomandi málsnúmeri.

Kjósarhreppur, 9. mars 2026
Skipulagsfulltrúi
20260310004A

Lögbirtingablað,

41. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.